

Mánudaginn 14. júní 1948.

Nr. 33/1948. Réttvísín og valdstjórnin
(Hrl. Kristján Guðlaugsson)
gegn

Kristjáni Jóni Magnússyni
(Hrl. Magnús Thorlacius).

Þjófnaður. Brot gegn áfengis- og bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt 255 gr. laga nr. 19/1940 og refsíákvæðum þeim, sem rakin eru í héraðsdómi, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin af héraðsdómaranum fangelsi 3 mánuði.

Samkvæmt 39. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 23/1941 og 68. gr. laga nr. 19/1940, ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast réttindi bifreiðarstjóra.

Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði Kristján Jón Magnússon er ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuskið bifreiðarstjóra. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 29. október 1947.

Ár 1947, miðvikudaginn 29. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni saka-dómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 4408/1947: Réttvísín og valdstjórnin gegn Kristjáni Jóni Magnússyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Kristjáni Jóni Magnússyni sjómanni, Ásvallagötu 71 hér í bæ, til refsingar, greiðslu skaðabóta og málskostnaðargreiðslu fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 24. september 1918 á Flateyri við Önuðarfjörð, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1941 $1\frac{1}{2}$ Ísafjörður. Dómur, 2ja mánaða fangelsi, skilorðsbundið, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1942 1% Reykjavík. Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun og að flytja áfengi út af veitingastað.
1942. 1% Reykjavík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.
- 1946 $2\frac{3}{4}$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.
- 1947 $2\frac{1}{2}$ Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og afskipti af lögregluþjóni í starfi.
- 1947 $\%$ Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.
- 1944 $2\frac{7}{8}$ Siglufjörður. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.
- 1943 $\frac{9}{2}$ Akranes. Sátt, 125 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1943 $2\frac{7}{12}$ Akranes. Sátt, 45 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1944 $\frac{3}{10}$ Akranes. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1946 $3\frac{3}{4}$ Akranes. Dómur, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir innbrot og þjófnað.

Skal nú skýrt frá málavöxtum.

Aðfaranótt sunnudagsins 8. maí s. l., um klukkan 2.15, var hringt á lögreglustöðina og tilkynnt, að einhver maður, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, væri að reyna að setja vél bifreiðarinnar R 2382 í gang. Hafði Einar Þorsteinsson féhirðir, Þjórsárgötu 4, nokkru áður komið heim til sín í bifreið sinni, og er hann var að setja hana inn í bifreiðargeymslu, kveður hann einhvern mann, er hann veit engin deili á, hafa komið til sín og beðið sig að selja sér eina flösku af einhverju. Kvaðst Einar eigi vera vinsali og gekk inn til sín. Nokkru eftir að Einar var genginn til náða, komu tvær dætur hans og sögðu að maður nokkur væri að reyna að setja vél bifreiðar Hjálmars Þorsteinssonar, Þjórsárgötu 6, í gang, enda heyrðist greinilega til hans, er bifreiðin rakst á bifreiðageymslu áfasta húsi Einars, sem hringdi bæði til Hjálmars Þorsteinssonar, er eigi svaraði, og á lögreglustöðina, en þar var á tali. Klæddi hann sig nú lauslega og fór inn í húsað hjá Hjálmari, svo að ákærði yrði hans eigi var, og bankaði þar á glugga, en enginn virtist vakna. Er hér var komið, varð ákærði var við Einar, hljóp út úr bifreiðinni og tók um leið með sér teppi og rykfrakka, en kastaði hvoru tveggja, er hann varð þess var, að honum var veitt eftirför. Segir Hjálmar Þorsteins-

son frakkann hafa verið lítið sem ekkert notaðan og kostaði kr. 500 eða 550, en teppið nýlegt og hafa kostað 70 til 80 kr. Í þessum svifum kom Halldór Hjálmarsson, Þjórsárgötu 6, þarna að. Sagði Einar honum hvað skeð hefði og hringdi hann á lögreglustöðina og bað um aðstoð. Þeir Einar og Halldór fóru svo á móti lögregluþjónum þeim, Sigurði Móses Þorsteinssyni og Ársæli Kristni Einarssyni, sem sendir höfðu verið á vettvang, og mættu þeim á Njarðargötu, en talið var, að ákærði hefði hlaupið í áttina að Tivoli. Eftir nokkra leit fannst hann í húsinu nr. 2 við Þjórsárgötu, þar sem lögregluþjónarnir handtóku hann og færðu á lögreglustöðina. Var hann settur þar í fangageymslu, en kl. 5 næsta morgun var honum sleppt úr varðhaldinu sökum plássleysis.

Ákærði, sem ekki hefur bifreiðarstjórpróf, skýrir svo frá, að hann hafi verið mjög drukkinn, áberandi ölvaður, er hann fór upp í bifreiðina R 2382 og reyndi að setja vél hennar í gang. Fyrr um kvöldið, er hann var orðinn nokkuð ölvaður, kveðst hann hafa setið að drykkju með einhverjum manni, sem hann hitti af tilviljun, og til þessa manns muni hann hafa farið, er honum var veitt eftirför. Ákærði kveðst hafa tekið frakkann og teppið í öläði og af sömu ástæðu farið upp í bifreiðina.

Með töku frakkans og teppisins hefur ákærði gerzt brotlegur við 244 gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Með því að gera tilraun til að ræsa vél bifreiðarinnar hefur ákærður gerzt brotlegur við 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júlí 1941, enda verður ekki séð, að það hafi verið gert í öðrum tilgangi en að reyna að aka henni. Þá hefur ákærði einnig gerzt brotlegur við 18., sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 7., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Ekki hefur verið gerð refsikrafa vegna tilraunar ákærða til að nota bifreiðina í heimildarleysi.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Samkvæmt 3 mgr. 68. gr. hegningarlaganna ber að svipta ákærðan kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærða réttindum til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Hjálmar Þorsteinsson húsgagnasmíðameistari, Þjórsárgötu 6, hér í bæ, eigandi bifreiðarinnar R 2382, hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér alls í skaðabætur kr. 150.00 vegna skemmda á matjurtagarði, er ákærði mun hafa hlaupið yfir, og skemmda á bifreiðinni, þar eð hægra framaurbretti hafði dalazt og takki á ljósa-skiptara horfið. Þessa kröfu hefur ákærði samþykkt, og verður hún því þegar af þeirri ástæðu tekin til greina.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dráttur sá, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar af því, hve erfitt hefur verið að hafa upp á ákærða. Þá var rannsóknardómarinn s. l. septembermánuð í sumarleyfi.

Rekstur málsins hefur því verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði Kristján Jón Magnússon sæti fangelsi í 3 mánuði. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði Hjálmari Þorsteinssyni kr. 150.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. júní 1948.

Nr. 42/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Eggert Claessen)

gegn

Jóni Rafni Oddssyni og Guðmundi Bjarnasyni (Hrl. Ragnar Jónsson).

Brot gegn áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu ákæruvaldsins hefur ekki verið höfðað mál gegn kærðu fyrir neitt brot, er getur í XII., XIII., XIX. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga.

Varhugavert þykir að telja nægilega sannað, að kærði Guðmundur Bjarnason hafi verið með áhrifum áfengis í ökuferð þeirri, sem í málinu greinir. Hins vegar var hann þátttakandi í hinni ófrjálsu töku bifreiðarinnar og réð ásamt félögum sínum notkun hennar í umræddri ökuferð. Hann samsinnti því, að kærði Jón Rafn, sem var með áhrifum áfengis, æki henni, og fékk kærði Guðmundur, eftir að hann hafði ekið bifreiðinni, kærða Jóni Rafni stjórn hennar. Hefur kærði Guðmundur með þessu gerzt sekur við 38. gr. laga nr. 23/1941. Að öðru leyti eru brot kærðu, sem lýst eru í héraðs-